

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 2007 í máli nr. E-7214/2006:

Fjármagn ehf

(Einar Sigurjónsson hdl.)

gegn

Ragnheiði Guðnadóttur

(Haukur Örn Birgisson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykja víkur af Fjármagni ehf., Hesthömrum 20 Reykjavík, á hendur Ragnheiði Guðnadóttur, með stefnu birtri 17. nóvember 2006.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 684.766 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 4. apríl 2006 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 1.612.000 kr., útgefnu í Þverholtum hinn 29.06.1998 af Halldóri Gunnarssyni til Búvéla ehf. og tryggt með fyrsta veðrétti í dráttarvélinni ZK-085 sem er Fendt 309 ÍSA, árgerð 1984 og með sjálfskuldarábyrgð stefndu Ragnheiðar Guðnadóttur og Búvéla ehf. Þann 04.08.1998 hafi bréfið verið framselt til stefnanda Fjármagns ehf. Skuldabréfið átti að greiðast með 60 afborgunum á 1 mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 01.11.1998 og bera óverðtryggða meðalvexti samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands hverju sinni. Skuldabréfið sé gjaldfellt samkvæmt ákvæðum þess vegna vanskila frá 35. gjalddaga, hinn 01.09.2001, þá að eftirstöðvum 671.666 kr. og bankakostnaðar 13.100 kr., eða samtals 684.766 kr. Þann 03.05.2006 hafi 766.799 kr. verið greiddar til skrifstofu Kollektu ehf. en vegna mistaka í innslætti á skrifstofunni hafi röng fjárhæð verið gefin upp. Þegar mistökin uppgötvuðust hafi stefndu verið tilkynnt um það samstundis en þá hafði hún fengið kvittun fyrir fullnaðargreiðslu. Af hálfu kröfueiganda og stefndu hafði

ekki verið samið um afslátt og hefði stefndu átt að vera ljóst að fjárhæðin væri mun hærri en sú fjárhæð sem krafist var. Hér sé því um að ræða mannleg mistök sem stefnda ætli sér að nýta sér.

Stefnandi telur sig ennþá eiga kröfu á fullnaðargreiðslu úr hendi stefndu og byggir það einkum á því að ekki sé kröfuréttarsamband milli starfsmanns skrifstofu Kollektu ehf. og stefndu sem ekki hafi haft umboð til að veita afslátt og í raun mislesið í upplýsingar frá innheimtubanka. Krafan sé einnig byggð á því að skuldabréfinu hafi ekki verið aflýst og veð það sem í því greini standi enn til tryggingar skuldinni. Telur stefnandi að hér eigi jafnframt við réttarreglur um ólögsmæta auðgun auk reglna um viðskiptabréf því viðskiptabréf það sem um ræðir beri ekki með sér að það sé að fullu greitt.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og um efndir fjárskuldbindinga og rekur málið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991. Dráttarvaxtakröfur séu gerðar á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Kröfur sínar um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing er vísað til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefndu er öllum kröfum og málsástæðum stefnanda mótmælt.

Stefnda byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því að um hafi samist þann 12. apríl 2006 á milli umboðsmanns stefndu, Þóris Arnar Ólafssonar f.h. Sectors ehf., og stefnanda að veita afslátt af kröfu stefnanda á hendur stefndu. Á grundvelli þessa hafi stefnda greitt eftirstöðvar skuldar sinnar, líkt og hún mátti ætla að munnlega hafi samist um milli stefnanda og umboðsmanns hennar nokkru fyrr og í samræmi við innheimtubríf það sem sent var þann 27. apríl 2006.

Kjarni samningaréttarins byggir á því að samningar skuli standa. Allar undantekningar frá reglunni beri að skýra þröngt. Ljóst sé að samningsaðilar hafi samið um tiltekin málalok og í kjölfarið hafi verið gefin út fullnaðarkvittun fyrir greiðslum í samræmi við samkomulagið. Eigi að víkja frá samningnum beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að atvik séu með þeim hætti að unnt sé að réttlæta það.

Þá byggir stefnda sýknukröfu sína í annan stað á því að staðhæfingar stefnanda að um mistök af hálfu starfsmanns Kollektu ehf. hafi verið að ræða séu ósannaðar. Hafi fjárhæðin sem greidd var þvert á móti verið í samræmi við samkomulag aðila.

Í þriðja lagi byggir stefnda sýknukröfu sína á því að hún hafi greitt uppgefna skuld sína í góðri trú. Þann 27. apríl hafi henni verið sent innheimtubríf frá lögfræðiinnheimtunni Kollektu ehf. sem hljóðaði upp á 764.241 kr. Stefnda hafi sannanlega verið grandlaus um meinta misritun Kollektu ehf. Innheimtubríf það sem ágreiningur aðila varði hafi verið sent skömmu eftir að samningaviðræður fóru fram á milli stefnanda og umboðsmanns stefndu um afslátt af greiðslu skuldar

samkvæmt veðskuldabréfinu. Vegna þessa hafi stefnda verið í góðri trú um að upphæð innheimtubrúfsins væri afrakstur þeirra samningaviðræðna, auk þess sem stefnda mátti treysta því að efni brúfs, sem sérstakt innheimtufyrirtæki sendir til skuldara, væri rétt og að almennt væri viðhöfð vandvirkni í vinnubrögðum slíkra fyrirtækja. Sé þessi afstaða réttmæt í ljósi þess að um sé að ræða fyrirtæki, sem sérhæfi sig í innheimtu.

Stefnda hafi þegar gert ráðstafanir til samræmis við innheimtubrúf sem hún fékk frá lögmanni Kollektu ehf. þann 27. apríl 2006 og verði hún því ekki krafín um frekari greiðslur til fullnustu skuldarinnar, sbr. 38. gr. nr. 7/1936.

Um lagarök vísar stefnda m.a. til samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og 32. og 38. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varðandi málskostnaðarkröfu stefndu er vísað til 129. - 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstafa

Mál þetta varðar innheimtu kröfu samkvæmt skuldabréfi útgefnu 29. júní 1998. Skuldabréfið var framselt stefnanda 4. ágúst 1998. Varnir stefndu í málinu eru byggðar á því að skuldin sé að fullu greidd samkvæmt fyrirliggjandi fullnaðarkvittun.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls að stefnandi fór fram á það 15. mars 2006 að skuldabréfið yrði gert upp og var uppgreiðsluverðmæti brúfsins tilgreint 1.492.303 kr. en eftirstöðvar nafnverðs voru 671.666 kr. Af hálfu stefnda var Þóri Erni Ólafssyni, viðskiptafræðingi falið að semja um uppgreiðslu brúfsins. Svo virðist sem tekist hafi munnlegt samkomulagi um verulega eftirgjöf á fjárhæð skuldabréfsins, en ekki kom til þess að gengið yrði frá uppgjöri og fól stefnandi Kollektu ehf. skuldabréfið til innheimtu. Þann 27. apríl 2006 barst innheimtubrúf frá Kollektu ehf. þar sem heildarkrafan var tilgreind 764.241 kr. Stefnda hefur skýrt svo frá fyrir dómi að hún hafi talið að um væri að ræða þá fjárhæð sem samist hefði um sem lokagreiðslu. Þann 3. maí 2006 greiddi stefnda samkvæmt kröfu eftirstöðvar skuldabréfsins með 766.799 kr. á skrifstofu Kollektu ehf. Fékk stefnda kvittun um fullnaðargreiðslu vegna þessa.

Þann 11. maí 2006 barst stefndu brúf frá lögmanni Kollektu ehf. þar sem fram kemur að mistök hefðu átt sér stað við innslátt skuldabréfsins og að greiðsla sú sem stefnda innti af hendi þann 3. maí 2006 hafi ekki verið fullnaðargreiðsla. Sagði enn fremur í brúfinu að núverandi skuld samkvæmt skuldabréfinu væri 831.334 kr. Hefur þeirri kröfu verið mótmælt af hálfu stefndu.

Ekki liggur fyrir í málinu sönnun þess að stefndu hafi verið eða mátt vera ljóst þegar hún fékk innheimtubrúfið frá Kollektu ehf. og gekk í framhaldi af því frá greiðslu 3. maí 2006 að fjárhæð kröfunnar væri röng. Sjónarmið um óréttmæta auðgun eiga því ekki við. Stefnda fékk kvittun um fullnaðargreiðslu og mátti því vænta þess að gengið hefði verið frá fullnaðaruppgjöri vegna skuldabréfsins, sem var í innheimtu hjá lögfræðingi í umboði stefnanda. Hefur ekki þýðingu í því sambandi þótt þeirri veðsetningu, sem tryggja átti skuldina með, hafi ekki verið

aflýst. Þá leiða reglur um viðskiptabréf til þess að stefnda getur borið greiðslukvittun fyrir sig gagnvart stefnanda, sbr. 2. gr. tilskipunar frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefnda, Ragnheiður Guðnadóttur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda,

Fjármagns ehf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson